# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur 2004

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

## Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit.


Áritun endurskoðenda........................................................ 2

Skýrsla stjórnar................................................................. 3

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris...... 5

Efnahagsreikningur........................................................... 6

Sjóðstreymi........................................................................ 7

Skýringar........................................................................... 8

Kennitölur.......................................................................... 14

# Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og kennitölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 29. apríl 2005.

**Deloitte hf.**

Knútur Þórhallsson,
endurskoðandi.

# Skýrsla stjórnar

***Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda***
Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

***Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda:***
Á árinu 2004 greiddu að meðaltali 1.415 virkir sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins samanborið við 1.555 árið 2003. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 15.236 talsins. Innheimt heildariðgjöld ásamt mótframlagi launagreiðanda, rúmlega 482 m.kr., lækkaði lítillega á milli ára en endurgreiðslur eða viðbótariðgjöld voru 691 m.kr. á móti 437 m.kr. árið 2003. Endurgreiðsluhlutfallið, 62%, hækkaði um mitt ár 2003 sem skýrir mikla hækkun á milli ára. Reykjavíkurborg og ríkið héldu áfram uppgjörum á grundvelli samkomulags sem gert var árið 2003. Greiðsla til sjóðsins vegna þeirra nam um 200 m.kr. á árinu og því til viðbótar voru gerð upp áfallin lífeyrisréttindi að fjárhæð um 144 m.kr. frá fyrrum stofnunum borgarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við stofnanirnar sjálfar.

***Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur:***
Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2004 námu 1.356 m.kr., sem er tæp 7% hækkun frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega árið 2004 var að meðaltali 2.019, þar sem 1.272 fengu greiddan ellilífeyri, 312 örorkulífeyri 394 makalífeyri og 41 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir árið 2003 voru: 1.942 að meðaltali sem skiptist þannig: 1.222 ellilífeyrir, 285 örorkulífeyrir, 393 makalífeyrir og 43 barnalífeyrir.

***Lánveitingar:***
Ný skuldabréfalán voru veitt til 58 sjóðfélaga að fjárhæð rúmlega 118 m.kr. Aðrar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum námu 4.237 m.kr. og skiptast þannig að 553 m.kr. voru fjárfest í verðbréfum með breytilegum tekjum og 3.684 m.kr. í verðbréfum með föstum tekjum. Stjórn sjóðsins samþykkti í lok ársins að hætta að veita veðlán frá 1. janúar 2005 þar sem greiðsluflæði slíkra lána m.v. lán til allt að 40 ára hentar ekki lokuðum sjóði með allt annað greiðsluflæði. LSS hefur hins vegar rýmkað sínar lánareglur þannig að sjóðfélagar sem vilja taka lán eru eins vel settir.

***Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun:***
Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 10.959 m.kr. í árslok 2004 og nam hækkun hreinnar eignar frá fyrra ári 915 m. kr. krónum eða um rúm 9%. Nafnávöxtun fjárfestinga sjóðsins var um 7,9% en um 7,5% að frádregnum öllum kostnaði. Raunávöxtun ársins 2004 var þannig 3,9% og hrein raunávöxtun (að frádregnum kostnaði) 3,5%.

***Rekstur:***
Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 40 m. kr. sem er um 0,37% af hreinni eign samanborið við 0,32% árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

***Tryggingafræðileg athugun:***
Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2004 nam áfallin skuldbinding A-deildar lífeyrissjóðsins 50.483 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar nam 1.822 m.kr. eða samtals 52.305 m.kr. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok 2004, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2005.

**Í stjórn**

Helga Jónsdóttir,
stjórnarformaður.

Benedikt Geirsson

Steinar Harðarson

Sjöfn Ingólfsdóttir

Þorgrímur Hallgrímsson

**Framkvæmdastjóri**

Jón G. Kristjánsson

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok 2004, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2005.

## Í stjórn

Helga Jónsdóttir,
stjórnarformaður.

Benedikt Geirsson

Steinar Harðarson

Sjöfn Ingólfsdóttir

Þorgrímur Hallgrímsson

## Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Sjóðfélagar | | 134.318.531 | 134.152.655 |
| Launagreiðendur | | 347.846.023 | 364.072.089 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (7.333.908) | (3.503.710) |
| Viðbótariðgjöld launagreiðenda | | 690.934.082 | 437.278.229 |
| Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda | | 343.747.959 | 5.972.025.118 |
| | | 1.509.512.687 | 6.904.024.381 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | (1.355.573.638) | (1.271.362.822) |
| Kostnaður vegna örorkumats | | 0 | (32.000) |
| | | (1.355.573.638) | (1.271.394.822) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum | 4 | 1.091.216 | 533.953 |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | 5 | 772.728.243 | 895.407.475 |
| Breytingar á niðurfærslu | 11 | 28.202.250 | (677.825) |
| | | 802.021.708 | 895.263.603 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Þóknanir vegna verðbréfaviðskipta | | (1.111.399) | (222.244) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | (40.083.656) | (33.115.605) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 914.765.702 | 6.494.555.312 |
| Hrein eign í ársbyrjun til greiðslu lífeyris | | 10.044.470.850 | 3.549.915.538 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 10.959.236.553 | 10.044.470.850 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2004

## Eignir

| | Skýr. | 31. 12. 2004 | 31. 12. 2003 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ............................................. | 6 - 9 | 1.110.945.860 | 607.702.068 |
| Verðbréf með föstum tekjum ..................................................... | 10 | 4.335.957.592 | 588.753.317 |
| Veðlán ......................................................................................... | 11 | 2.020.370.665 | 2.341.342.397 |
| **Fjárfestingar** | | 7.467.274.117 | 3.537.797.782 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög ....................................... | | 3.424.792.825 | 6.437.847.967 |
| Sjóður og bankainnistæður ......................................................... | | 156.544.623 | 141.630.360 |
| **Aðrar eignir** | | 3.581.337.448 | 6.579.478.327 |
| **Eignir** | | 11.048.611.565 | 10.117.276.109 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Ýmsar skuldir ............................................................................. | | 89.375.012 | 72.805.259 |
| **Skuldir** | | 89.375.012 | 72.805.259 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris.........................................** | | 10.959.236.553 | 10.044.470.850 |
| **Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum...........................** | 13 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 4.522.567.829 | 1.114.301.345 |
| Fjárfestingartekjur | | 833.958.756 | 272.103.950 |
| Afborganir verðbréfa | | 100.567.894 | 359.883.973 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 163.021.459 | 1.233.256 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 129.510.925 | 440.393.147 |
| | | 5.749.626.863 | 2.187.915.671 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | (1.353.449.593) | (1.240.770.524) |
| Fjárfestingargjöld | | (1.111.399) | (222.244) |
| Rekstarkostnaður | | (25.637.948) | (32.005.386) |
| | | (1.380.198.940) | (1.272.998.154) |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 4.369.427.923 | 914.917.517 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (590.867.119) | (642.812.037) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (3.684.101.048) | (62.356.351) |
| Ný veðlán og útlán | | (79.545.493) | (201.488.000) |
| | | (4.354.513.660) | (906.656.388) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 14.914.263 | 8.261.129 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 141.630.360 | 133.369.231 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 156.544.623 | 141.630.360 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

Frá 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til hans. Launþegar greiða 4% og launagreiðendur 6% af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu að viðbættri persónuuppbót og orlofsframlagi.

Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára, enda láti hann þá af starfi. Sjóðfélaga er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri er hann verður fyrir orkutapi sem metið er á 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi maki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagans í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða, kjósi sjóðfélagi sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings fyrra árs.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

***Verðbréf með breytilegum tekjum*** eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

***Verðbréf með föstum tekjum*** eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

***Veðlán*** eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Veðlán eru færð niður með hliðsjón af almennri útlánaáhættu sem tengist starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

# Skýringar

## Lífeyrir

3. Lífeyrisgreiðslur sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 926.953.510 | 866.909.261 |
| Örorkulífeyrir | 95.304.657 | 82.684.803 |
| Makalífeyrir | 329.442.909 | 317.241.849 |
| Barnalífeyrir | 3.872.562 | 4.526.909 |
| | 1.355.573.638 | 1.271.362.822 |
| Meðal fjöldi lífeyrisþega | 2.019 | 1.860 |

## Fjárfestingartekjur

4. Fjárfestingatekjur af hlutabréfum sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Af innlendum hlutabréfum | 0 | 2.602.062 |
| Af erlendum hlutabréfum | 1.091.216 | (2.068.109) |
| | 1.091.216 | 533.953 |

5. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Af veðlánum | 186.890.782 | 164.753.498 |
| Af innlendum verðtryggðum skuldabréfum | 254.238.569 | 76.794.491 |
| Af bankainnstæðum | 6.475.870 | 5.773.228 |
| Af innlendum hlutdeildarskírteinum | 83.030.626 | 45.807.191 |
| Af erlendum hlutdeildarskírteinum | (4.251.216) | 1.795.742 |
| Af iðgjöldum og öðrum kröfum | 241.089.201 | 593.504.086 |
| Dráttarvextir og innheimtukostnaður | 4.057.811 | 4.964.758 |
| Lántökugjöld | 1.196.600 | 2.014.480 |
| | 772.728.243 | 895.407.475 |

## Verðbréf með breytilegum tekjum

6. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 9.944.000 | 0 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 930.568.711 | 572.846.736 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 170.433.149 | 34.855.333 |
| | 1.110.945.860 | 607.702.069 |

7. Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | Bókfært verð |
|---|---|
| ***Skráð félög:*** | |
| Bakkavör Group hf. | 5.082.000 |
| Kaupþing Búnaðarbanki hf. | 4.862.000 |
| | 9.944.000 |

8. Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | Bókfært verð |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, langur | 588.445.673 |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, millilangur | 170.758.949 |
| Kaupþing banki hf. - Hávaxtasjóður | 71.364.089 |
| Kaupþing banki hf. - Skammtímasjóður | 20.000.000 |
| Kaupþing banki hf. - Peningamarkaðssjóður | 80.000.000 |
| | 930.568.711 |

9. Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | Bókfært verð |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| State Street - North America Enhance Fund | 75.509.523 |
| Gartmore - Emerging Markets Fund | 6.408.790 |
| Fidelity - Japan Advantage | 13.903.160 |
| Fidelity - European Mid Cap Fund | 10.761.682 |
| Fidelity - European Growth Fund | 30.902.941 |
| ALPHA 1 Venture Capital Fund | 1.946.104 |
| | 139.432.200 |
| ***Óskráðir sjóðir:*** | |
| GIR Capital Management | 24.319.680 |
| Health Holding S.A | 6.681.269 |
| | 31.000.949 |
| | 170.433.149 |

# Skýringar

## Verðbréf með föstum tekjum

10. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | 3.141.236.931 | 0 |
| Húsnæðisbréf | 400.657.170 | 454.026.100 |
| Íbúðarbréf | 317.831.267 | 33.106.380 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 60.767.460 | 0 |
| Skuldabréf lánastofnana | 133.730.170 | 39.316.753 |
| Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf | 281.734.594 | 62.304.084 |
| | 4.335.957.592 | 588.753.317 |
| Áætlað markaðsverð | 4.390.954.954 | 592.700.000 |

## Veðlán

11. Veðlán greinast þannig:

| | 31.12.2004 | 31.12.2003 |
|---|---|---|
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 1.667.823.760 | 2.009.639.734 |
| Önnur veðskuldabréf | 352.546.905 | 359.904.913 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | 0 | (28.202.250) |
| | 2.020.370.665 | 2.341.342.397 |

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

12. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Verðbréf með föstum tekjum | Verðbréf með breytil. tekjum | Veðlán | Samtals 2004 | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar krónur (ISK) | 4.335.957.592 | 964.832.391 | 2.020.370.665 | 7.321.160.648 | 3.518.607.730 |
| Evra (EUR) | 0 | 50.019.517 | 0 | 50.019.517 | 7.294.949 |
| Japönsk yen (JPY) | 0 | 13.903.160 | 0 | 13.903.160 | 0 |
| Sænskar krónur (SEK) | 0 | 6.681.269 | 0 | 6.681.269 | 0 |
| Bandaríkjadollar (USD) | 0 | 75.509.523 | 0 | 75.509.523 | 11.895.104 |
| | 4.335.957.592 | 1.110.945.860 | 2.020.370.665 | 7.467.274.117 | 3.537.797.783 |

## Tryggingafræðileg athugun

13. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2004 greinist þannig (milljónir króna):

| *A deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2004 | Samtals 31.12.2003 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris................................ | 9.255 | 0 | 9.255 | 8.563 |
| Endurmat verðbréfa............................................... | 653 | 0 | 653 | 280 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfest.kostnaðar............. | (14) | 0 | (14) | 0 |
| Núvirði framtíðariðgjalda...................................... | 0 | 3.725 | 3.725 | 4.166 |
| *Eignir samtals* | 9.894 | 3.725 | 13.619 | 13.009 |
| Ellilífeyrir............................................................. | 28.817 | 8.164 | 36.981 | 33.766 |
| Örorkulífeyrir........................................................ | 1.387 | 436 | 1.823 | 2.186 |
| Makalífeyrir........................................................... | 8.967 | 1.776 | 10.743 | 10.689 |
| Barnalífeyrir........................................................... | 85 | 0 | 85 | 90 |
| Rekstrarkostnaður.................................................. | 626 | 225 | 851 | 727 |
| *Skuldbindingar samtals* | 39.881 | 10.602 | 50.483 | 47.458 |
| Skuldbindingar umfram eignir................................ | (29.988) | (6.876) | (36.864) | (34.450) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum.................................. | -75,2% | -64,9% | -73,0% | -72,6% |

| *B deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2004 | Samtals 31.12.2003 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris................................ | 1.704 | 0 | 1.704 | 1.482 |
| Endurmat verðbréfa............................................... | 120 | 0 | 120 | 192 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfest.kostnaðar............. | (3) | 0 | (3) | 0 |
| *Eignir samtals* | 1.822 | 0 | 1.822 | 1.674 |
| Ellilífeyrir............................................................. | 1.408 | 0 | 1.408 | 1.281 |
| Örorkulífeyrir........................................................ | 321 | 0 | 321 | 305 |
| Makalífeyrir........................................................... | 65 | 0 | 65 | 63 |
| Barnalífeyrir........................................................... | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrarkostnaður.................................................. | 29 | 0 | 29 | 25 |
| *Skuldbindingar samtals* | 1.822 | 0 | 1.822 | 1.674 |
| Skuldbindingar umfram eignir................................ | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum.................................. | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |

# Skýringar

| *Samtals:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2004 | Samtals 31.12.2003 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris................................ | 10.959 | 0 | 10.959 | 10.045 |
| Endurmat verðbréfa.............................................. | 773 | 0 | 773 | 472 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfest.kostnaðar............. | (16) | 0 | (16) | 0 |
| Núvirði framtíðariðgjalda...................................... | 0 | 3.725 | 3.725 | 4.166 |
| *Eignir samtals* | 11.716 | 3.725 | 15.441 | 14.682 |
| Ellilífeyrir.............................................................. | 30.225 | 8.164 | 38.389 | 35.046 |
| Örorkulífeyrir......................................................... | 1.708 | 436 | 2.144 | 2.491 |
| Makalífeyrir........................................................... | 9.031 | 1.776 | 10.807 | 10.752 |
| Barnalífeyrir........................................................... | 85 | 0 | 85 | 90 |
| Rekstrarkostnaður.................................................. | 654 | 225 | 879 | 752 |
| *Skuldbindingar samtals* | 41.703 | 10.602 | 52.305 | 49.132 |
| Skuldbindingar umfram eignir................................ | (29.988) | (6.876) | (36.864) | (34.450) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum.................................. | -71,9% | -64,9% | -70,5% | -70,1% |